

**Sláturfélag  
Suðurlands svf.**  
Samstæðuársreikningur  
2021

Sláturfélag Suðurlands svf.  
Fosshálsi 1  
110 Reykjavík  
kt. 600269-2089

# Sláturfélag Suðurlands svf. Samstæðuársreikningur 2021

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-4
Áritun óháðra endurskoðenda	5-6
Yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um eigið fé	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Skýringar	11-28
Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	28-31

# Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningurinn tekur til félagsins og dótturfélaga þess sem eru tvö, Reykjagarður hf. og Hollt og gott ehf.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins skv. samþykktum er að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, matvælaíðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs.

Reykjagarður hf. er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Hollt og gott ehf. er í framleiðslu og sölu á salati og grænmetisvörum og er starfstöð félagsins í Reykjavík.

## Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2021	2020
Rekstrartekjur samstæðunnar námu.....	13.023.074	11.351.489
Hagnaður (tap) samstæðunnar nam.....	233.478	(258.960)
Fjöldi ársverka nam.....	438	460
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
Eignir samstæðunnar námu.....	10.630.772	10.085.359
Bókfært eigið fé nam.....	5.349.486	5.046.197
Inneign í stofnsjóði A-deildar nam .....	350.068	357.224
Inneign í stofnsjóði B-deildar nam .....	180.074	180.074
Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam.....	50,3%	50,0%

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 1.672 milljónir króna milli ára eða um 14,7%. Þessi hækkun er til komin vegna betri markaðsaðstæðna og aðgerða sem gripið var til að auka tekjur samstæðunnar. Staðan á veitingamarkaði batnaði auk þess sem samstæðan styrkti stöðu sína á smásölumarkaði. Útflutningur jókst verulega á lambakjöti auk þess sem markaðir fyrir ýmsar aukaafurðir styrktust. Sala á innflutningsvörum, matvælum og búrekstrarvörum jókst um tæp 19% milli ára en samstæðan styrkti stöðu sína talsvert á þeim markaði. Heildarafkoma samstæðunnar er einnig að batna mikið á milli ára en samstæðan er að skila 233,5 milljón króna hagnaði á árinu 2021 á móti 259 milljónum króna tapi árið áður. Stjórnendur eru að vinna að því að bæta rekstur samstæðunnar enn frekar með aukinni vélvæðingu í framleiðslu og bættri nýtingu afurða með það að markmiði að rekstur samstæðunnar skili viðunandi arðsemi til lengri tíma. Stjórnendur reikna með að starfsemin muni ekki breytast verulega að umfangi á næstu árum nema gagnvart innflutningi, en miklar hækkanir á hrávörumarkaði hafa leitt til umtalsverðra hækkana einkum á áburði.

## Þróun á fjárhagslegri stöðu samstæðunnar

Sláturfélag Suðurlands svf. tók á árinu ný langtímalán fyrir um 1.700 milljónir króna og var meirihluti þeirrar fjárhæðar nýtt til uppgreiðslu á öllum eldri lánum félagsins. Þetta hefur gert það að verkum að félagið býr við betri vaxtakjör en áður, lausafé félagsins hefur styrkts til muna og greiðslubyrði lána hefur lækkar töluvert. Nánari upplýsingar má finna í skýringu nr. 18.

## Meginmarkmið og stefna við áhættustýringu

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Nánari upplýsinga um fjármálagerninga og þá fjárhagslegu áhættu sem samstæðan býr við má finna í skýringu nr. 23.

# Skýrsla stjórnar

## Stofnsjóðir og eigendur

Í lok árs er fjöldi félagsaðila 2.232 sem eiga yfir kr. 1.000 í stofnsjóði A-deildar en þeir voru 2.251 árið áður. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar.

Í upphafi og lok árs eru hluthafar í stofnsjóði B-deildar 551.

	Hlutdeild	Hlutir
Birta lífeyrissjóður.....	33,71%	67.411
Landsbankinn hf.....	20,61%	41.219
Sláturfélag Suðurlands svf.....	9,96%	19.926
Festa lífeyrissjóður.....	5,98%	11.965
Steingrímur Aðalsteinsson.....	2,23%	4.459
Magnús Benediktsson.....	2,00%	4.000
Helgi Eggertsson.....	1,19%	2.370
Tannín ehf.....	1,06%	2.124
Auðhumla svf.....	1,04%	2.080
Rama ehf.....	0,59%	1.172
Aðrir.....	21,64%	43.274
Samtals.....	100,00%	200.000

Eign Sláturfélags Suðurlands er færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

## Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 14,84% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af er verðbótarþáttur 4,84%, eða alls 26,7 milljónir króna og að reiknaðir verði 6% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 21 milljón króna. Stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

## Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. sitja tvær konur og þrjú karlmenn. Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. uppfyllir því skilyrði 27. gr. laga um Samvinnufélag nr. 22/1991 um kynjahlutföll, en þar er kveðið á um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

## Stjórnarhættir

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sett fram. Sláturfélag Suðurlands svf. hefur sett fram upplýsingar um stjórnarhætti í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Sláturfélag Suðurlands svf. er skráð á First North markaðnum hjá NASDAQ OMX. Upplýsingar um stjórnarhætti er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir félagið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt er gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum ásamt öðru. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í viðauka við ársreikninginn, Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

# Skýrsla stjórnar

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Að álit stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem samstæðan kann að mæta.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun

Reykjavík, 17. febrúar 2022

## Í stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson  
stjórnarformaður

Kristinn Jónsson  
Varaformaður

Lilja Guðrún Eypórsdóttir

Guðrún S. Magnúsdóttir

Sverrir Gíslason

## Forstjóri

Steinþór Skúlason

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og eigenda í Sláturfélagi Suðurlands svf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sláturfélagi Suðurlands svf. og dótturfélögum þess í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með samstæðureikningnum sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Sláturfélags Suðurlands svf. að undanskildum samstæðureikningnum og áritun okkar á hann, sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sláturfélags Suðurlands svf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 17. febrúar 2022

## **Deloitte ehf.**

Halldór Arason  
endurskoðandi

Jóhann Óskar Haraldsson  
endurskoðandi

## **Kjörnir skoðunarmenn**

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sláturfélags Suðurlands svf., höfum farið yfir samstæðuársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 17. febrúar 2022

Finnur Pétursson

Jónas Erlendsson

## Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur .....	4	13.023.074	11.351.489
Aðrar tekjur .....		134.854	78.810
Vöru- og umbúðarnotkun .....		(6.315.917)	(5.334.642)
Laun og launatengd gjöld .....	5	(3.604.805)	(3.573.282)
Annar rekstrarkostnaður .....		(2.211.212)	(2.159.395)
Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar .....	6	(481.252)	(485.809)
<b>Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta</b>		<b>544.742</b>	<b>(122.830)</b>
Fjármunatekjur .....		19.622	19.532
Fjármagnsgjöld .....		(279.849)	(227.426)
	7	(260.227)	(207.894)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna .....	11	8.060	3.545
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>		<b>292.574</b>	<b>(327.180)</b>
Tekjuskattur .....	8	(59.097)	68.220
<b>Hagnaður, (tap) og heildarafkoma ársins</b>		<b>233.478</b>	<b>(258.960)</b>
<b>Hagnaður, (tap) á hlut</b>	9		
Hagnaður, (tap) á hlut .....		0,44	(0,48)
Þynntur hagnaður, (tap) á hlut .....		0,44	(0,48)



# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	5.905.826	5.997.873
Leigueignir .....	16	489.216	638.982
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	11	50.843	42.783
Eignarhlutar í öðrum félögum .....		5.470	5.470
Skuldabréfaeign gagnvart tengdum aðilum .....	22	23.250	0
		<u>6.474.605</u>	<u>6.685.108</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	12	2.107.715	2.152.708
Viðskiptakröfur .....	13	1.443.689	1.183.883
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....	22	6.275	0
Aðrar skammtímakröfur .....	14	34.908	47.789
Handbært fé .....	15	563.581	15.872
		<u>4.156.167</u>	<u>3.400.251</u>
<b>Eignir</b>		<u>10.630.772</u>	<u>10.085.359</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofnsjóður A-deild .....	17	350.068	357.224
Stofnsjóður B-deild .....	17	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður .....		137.517	138.689
Annað bundið eigið fé .....		955.310	945.184
Óráðstafað eigið fé .....		3.567.406	3.265.914
<b>Eigið fé</b>		<u>5.349.486</u>	<u>5.046.197</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Langtímaskuldir .....	18	2.536.152	2.039.045
Leiguskuldbinding .....	16	548.635	695.631
Tekjuskattskuldbinding .....	19	442.464	375.443
		<u>3.527.250</u>	<u>3.110.119</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	20	562.231	460.095
Skuldir við lánastofnanir .....		0	378.656
Skuld vegna fjárfestinga .....		20.737	61.594
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	18	85.656	101.757
Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingu .....	16	15.018	20.940
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	8	10.573	0
Skuldir við tengd félög .....	22	9.373	8.329
Aðrar skammtímaskuldir .....	21	1.050.448	897.673
		<u>1.754.035</u>	<u>1.929.043</u>
<b>Skuldir</b>		<u>5.281.285</u>	<u>5.039.162</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>10.630.772</u>	<u>10.085.359</u>

## Yfirlit um eigið fé 1. janúar - 31. desember 2021

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2020 .....	354.755	180.074	1.510.103	3.290.981	5.335.913
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild ...	9.946				9.946
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(15.611)				(15.611)
Reiknaðir vextir af A-deild .....	10.428			(10.428)	0
Fjármtekjusk. vaxta af A-deild ...	(2.294)				(2.294)
Greiddur arður af B-deild .....				(22.797)	(22.797)
Afskrift af endurmati .....			(36.708)	36.708	0
Fært af bundnum hlutd.reikningi			(230.411)	230.411	0
Heildarafkoma ársins .....				(258.960)	(258.960)
<b>Eigið fé 1.1.2021 .....</b>	<b>357.224</b>	<b>180.074</b>	<b>1.242.984</b>	<b>3.265.914</b>	<b>5.046.197</b>
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild ...	9.910				9.910
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(14.085)				(14.085)
Varasjóður A-deild .....	(2.982)			2.982	0
Endurmat fastafjármuna .....			73.987		73.987
Afskrift af endurmati .....			(38.525)	38.525	0
Fært af bundnum hlutd.reikningi			(25.336)	25.336	0
Heildarafkoma ársins .....				233.477	233.477
Tillag í lögbundinn varasjóð .....			(1.172)	1.172	0
<b>Eigið fé 31.12.2021 .....</b>	<b>350.068</b>	<b>180.074</b>	<b>1.251.938</b>	<b>3.567.406</b>	<b>5.349.486</b>

Annað bundið eigið fé greinist þannig:	Hlutdeildar- reikningur	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2020 .....	335.193	159.111	138.689	877.110	1.510.103
Afskrift af endurmati .....				(36.708)	(36.708)
Fært af bundnum hlutd.reikningi	(230.411)				(230.411)
<b>Eigið fé 1.1.2021 .....</b>	<b>104.782</b>	<b>159.111</b>	<b>138.689</b>	<b>840.402</b>	<b>1.242.984</b>
Endurmat fastafjárm. ....				73.987	73.987
Afskrift af endurmati .....				(38.525)	(38.525)
Fært af bundnum hlutd.reikningi	(25.336)				(25.336)
Tillag í lögb. varasj. ....			(1.172)		(1.172)
<b>Eigið fé 31.12.2021 .....</b>	<b>79.446</b>	<b>159.111</b>	<b>137.517</b>	<b>875.863</b>	<b>1.251.938</b>

### Hlutdeildarreikningur

Hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikningi og er umfram mótttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta.

### Yfirverðsreikningur hlutafjár og lögbundinn varasjóður

Yfirverð innborgaðs hlutafjár er fjárhæð sem eigendur B-deildar stofnsjóðs hafa greitt umfram nafnverð B-deildar stofnsjóðs sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um samvinnuhlutafélög skal félagið binda 25% nafnverð stofnsjóða í varasjóð, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

### Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur er tilkominn vegna endurmats á fasteignum samstæðunnar og sýnir óafskrifaðan hluta endurmatsins að frádregnum tekjuskatti.

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta .....		544.742	(122.830)
Afskriftir .....	6	481.252	485.809
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(70.307)	(1.672)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		955.688	361.307
Vörubingðir, lækkun, (hækkun) .....		44.993	(353.946)
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....		(246.063)	(78.284)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....		253.001	152.976
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.007.618	82.054
Innborgaðir vextir og arður .....		20.132	14.327
Greiddir vextir .....		(151.072)	(154.675)
Greiddur tekjuskattur .....		0	(33.847)
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>		<b>876.678</b>	<b>(92.141)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	(397.508)	(362.324)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	130.662	6.985
		(266.846)	(355.339)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(856.061)	(96.719)
Afborganir af leiguskuldbindingu .....		(16.728)	(20.928)
Nýjar langtímaskuldir .....		1.200.000	3.400
(Lækkun)/hækkun á skammtímask. við lánastofn. ....		(378.656)	378.656
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild .....		(4.175)	(7.959)
Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs .....		0	(22.797)
		(55.620)	233.653
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		554.212	(213.827)
Handbært fé í upphafi árs .....		15.872	215.128
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		(6.503)	14.571
Handbært fé í lok árs .....		<b>563.581</b>	<b>15.872</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög. Félagið er í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa.

Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Fosshálsi 1, 110 Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælaafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fódurs.

Dótturfélög Sláturfélags Suðurlands svf. eru tvö. Reykjagarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Hollt og gott ehf. hefur frá upphafi sérhæft sig í fullvinnslu á fersku grænmeti, ferskum salatblöndum, niðurskornum ávöxtum, brauðsalötum og sósum og er starfstöð félagsins í Reykjavík. Hlutdeildarfélag Sláturfélags Suðurlands svf. er Orkugerðin ehf. og er starfsstöð félagsins á Selfossi. Félagið tekur á móti sláturúrgangi og öðrum lífrænum úrgangi og framleiðir úr þessum afurðum mjöl og fitu.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði, sjá nánar í skýringu 27 fyrir reikningsskilaaðferðir. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrif breytinga á reikningshaldslegu mati eru færð á því tímabili sem að matið er endurskoðað og síðari tímabilum ef við á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 10 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna
- Skýring 12 - mat á niðurfærslu birgða
- Skýring 13 - mat á niðurfærslu viðskiptakrafna
- Skýring 16 - mat á samningslengd leigusamninga og afvöxtunarstuðli við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti

# Skýringar

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig:	2021	2020
Sala innanlands .....	12.147.535	10.956.575
Sala erlendis .....	875.539	394.915
	<u>13.023.074</u>	<u>11.351.489</u>

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur auk bænda og mötuneyta. Sala erlendis hefur að mestu verið útflutningur til landa eins og Írlands, Spán, Bretlands, Noreg og Sviss. Ofangreindar tekjur eru allar vegna samninga við viðskiptavini og falla undir gildissvið IFRS 15 - Tekjur af samningum við viðskiptavini.

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun .....	2.816.389	2.806.105
Lífeyrissjóður .....	366.446	361.861
Önnur launatengd gjöld .....	239.477	246.828
Annar starfsmannakostnaður .....	182.493	158.489
	<u>3.604.805</u>	<u>3.573.282</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	438	460

## 6. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2021	2020
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna án endurmats .....	408.486	408.564
Afskriftir af endurmati varanlegra rekstrarfjármuna .....	48.156	45.886
Afskriftir af nýtingarrétti .....	24.610	31.359
	<u>481.252</u>	<u>485.809</u>

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum .....	18.024	10.041
Gengishagnaður .....	0	7.493
Aðrar vaxtatekjur .....	1.597	1.998
	<u>19.622</u>	<u>19.532</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir .....	(1.072)	(716)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(238.968)	(169.166)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu .....	(17.874)	(34.704)
Gengistap .....	(3.698)	0
Önnur vaxtagjöld .....	(18.236)	(22.840)
	<u>(279.849)</u>	<u>(227.426)</u>
	<u>(260.227)</u>	<u>(207.894)</u>

# Skýringar

## 8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 59 milljónum króna (2020: 68,2 milljónir tekjufærðar). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2022 nemur 10,6 milljónum króna. Á árinu 2021 kom ekki til greiðslu tekjuskatts þar sem tekjuskattsstofn félagsins var neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2021		2020	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir skatta .....	292.574		(327.180)	
Skatthlutfall .....	(58.515)	20,0%	65.436	20,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....	1.612	0,6%	709	(0,2%)
Vextir A-deildar stofnsjóðs .....	0	0,0%	2.086	(0,6%)
Aðrir liðir .....	(2.194)	(0,7%)	(11)	0,0%
Tekjuskattur skv. rekstrarreikn. ....	<u>(59.097)</u>	(20,2%)	<u>68.220</u>	(20,9%)

## 9. Hagnaður, (tap) á hlut

	2021	2020
Hagnaður, (tap) á hlut .....	0,44	(0,48)
Þynntur hagnaður, (tap) á hlut .....	0,44	(0,48)

(Tap) hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

Heildarafkoma ársins .....	233.478	(258.960)
Vegið meðaltal hlutafjár .....	533.721	536.064

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Bifreiðar og flutningstæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2020 .....	7.126.552	3.026.886	406.121	10.559.559
Eignfært á árinu .....	100.003	305.440	13.160	418.603
Selt og aflagt á árinu .....	0	(201.187)	(33.543)	(234.730)
Staða 1.1.2021 .....	7.226.555	3.131.139	385.738	10.743.432
Sérstakt endurmat .....	92.483	0	0	92.483
Eignfært á árinu .....	43.789	225.727	92.476	361.992
Selt og aflagt á árinu .....	(67.769)	(142.670)	(24.465)	(234.905)
Staða 31.12.2021 .....	7.295.058	3.214.196	453.749	10.963.002
<b>Afskriftir</b>				
Staða 1.1.2020 .....	3.050.107	1.190.154	280.265	4.520.526
Afskrift ársins .....	175.839	239.554	39.057	454.450
Selt og aflagt á árinu .....	0	(199.549)	(29.869)	(229.418)
Staða 1.1.2021 .....	3.225.946	1.230.158	289.454	4.745.558
Afskrift ársins .....	184.202	240.584	31.857	456.643
Selt og aflagt á árinu .....	(13.880)	(110.443)	(20.701)	(145.025)
Staða 31.12.2021 .....	3.396.268	1.360.299	300.609	5.057.177
<b>Bókfært verð</b>				
Staða 1.1.2020 .....	4.076.445	1.836.732	125.856	6.039.033
Staða 1.1.2021 .....	4.000.609	1.900.980	96.284	5.997.874
Staða 31.12.2021 .....	3.898.790	1.853.897	153.139	5.905.826
<b>Bókfært verð án endurmats</b>				
Staða 1.1.2020 .....	2.980.058	1.836.732	125.856	4.942.646
Staða 1.1.2021 .....	2.803.962	1.900.980	96.284	4.801.227
Staða 31.12.2021 .....	2.950.108	1.853.897	153.139	4.957.144
Nýtingartími eigna .....	25-50 ár	5-17 ár	5-8 ár	

Fasteignir samstæðunnar eru endurmetnar reglulega þar sem horft er til ákveðinna þátta sem endurspeglar raunvirði eignanna. Matsbreytingin er færð til hækkunar á eigninni, á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár og á tekjuskattskuldbindingu.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir .....	5.071.925	11.946.640
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		5.736.763
Aðrar lausafjártryggingar .....		371.556
Rekstrarstöðvunartrygging .....		3.913.113

Reykjagarður hf. keypti vél á árinu 2021 og er 20,7 milljónir króna af þeirri fjárfestingu ógreitt í árslok 2021 og hefur ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnt í sjóðstreymi samstæðunnar.

Skuld vegna fjárfestinga sem var til staðar í árslok 2020 upp á 61,6 milljónir króna var greidd að fullu á árinu og kemur til hækkunar á keyptum varanlegum rekstrarfjármunum í sjóðstreymi samstæðunnar.

# Skýringar

## 11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

	<u>Eignarhlutur</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Bókfært verð</u>	<u>Gangvirði</u>
Orkugerðin ehf., Heiðargerði 5 Selfossi .....	46,11%	13.833	50.843	50.843
Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélögum greinist þannig:			<u>2021</u>	<u>2020</u>
Staða í ársbyrjun .....			42.783	39.238
Hlutdeild í afkomu .....			8.060	3.545
Staða í árslok .....			<u>50.843</u>	<u>42.783</u>

## 12. Vörubirgðir

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Afurðir, vörur í vinnslu, fullunnar vörur og innflutningsvörur .....	1.670.732	1.763.376
Rekstrarvörur .....	180.566	180.017
Ýmsar vörur .....	256.417	209.316
	<u>2.107.715</u>	<u>2.152.708</u>

Vörubirgðir í lok fjárhagsársins hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og eru vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og meðtalin í gjaldfærslu birgða er niðurfærsla að fjárhæð 189,6 milljónir króna (2020: 272,7 milljónir).

## 13. Viðskiptakröfur

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Innlendar viðskiptakröfur .....	1.354.085	1.181.213
Erlendar viðskiptakröfur .....	134.031	22.935
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(44.427)	(20.265)
	<u>1.443.689</u>	<u>1.183.883</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun .....	(20.265)	(35.885)
Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna .....	(20.307)	180
Innheimtar áður tapaðar kröfur .....	(5.472)	0
Endanlega tapaðar kröfur .....	1.618	15.440
Staða í árslok .....	<u>(44.427)</u>	<u>(20.265)</u>

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tíman á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.



## Skýringar

Taflan sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum viðskiptakrafna 31. desember 2021.

Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallið.....	2,0%	1.041.980	(21.049)	1.020.931
<30 dagar.....	2,8%	326.637	(9.275)	317.362
31-60 dagar.....	8,2%	53.013	(4.361)	48.652
61-90 dagar.....	12,3%	9.898	(1.216)	8.682
>91 dagar.....	15,1%	56.588	(8.527)	48.062
Samtals.....		<u>1.488.116</u>	<u>(44.427)</u>	<u>1.443.689</u>

### 14. Aðrar skammtímafröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	17.364	17.306
Fjármagnstekjuskattur .....	872	1.382
Virðisaukaskattur .....	9.910	27.172
Aðrar skammtímafröfur .....	6.763	1.928
	<u>34.908</u>	<u>47.789</u>

### 15. Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2021	31.12.2020
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	517.339	6.589
Bankainnstæður í erlendra mynt .....	46.001	9.271
Sjóður .....	241	12
	<u>563.581</u>	<u>15.872</u>

### 16. Leigusamningar

Samstæðan hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru í efnahagsreikning. Upplýsingar um nýtingarrétt vegna leigueigna og leiguskuldbindingu er að finna hér að neðan, en nánari lýsing á reikningshaldslegri meðferð leigusamninga er að finna í skýringu fyrir reikningsskilaaðferðir.

Leigueignir	Fasteignir og lóðir
Skráð við innleiðingu 1. janúar 2019 .....	644.875
Verðbætur .....	25.467
Afskriftir .....	<u>(31.360)</u>
Staða í ársbyrjun 2021 .....	638.982
Verðbætur .....	26.661
Viðbætur vegna nýrra samninga .....	1.421
Endurmat á leigutímabili .....	(153.238)
Afskriftir .....	<u>(24.610)</u>
Staða í árslok .....	<u>489.216</u>
Tímalengd samninga vegna fasteigna og lóða	6-74 ár

# Skýringar

## Upphæðir færðar í rekstrarreikning

	2021	2020
Afskriftir af nýtingarrétti .....	24.610	31.359
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu .....	17.874	34.704
Samtals gjaldfært á árinu .....	42.483	66.064

## Leiguskuldbinding

Gjalddagagreining:	31.12.2021	31.12.2020
Innan árs .....	41.784	55.129
Eftir ár en innan 5 ára .....	167.137	218.806
5 ár og síðar .....	789.937	983.197
	998.859	1.257.132

Fjárhæðir hér að ofan eru ekki núvirtar og sýna vænt sjóðstreymi af leigugreiðslum. Leigugreiðslur á árinu 2021 námu 54,1 milljónum króna (2020: 55,7 milljónir króna).

## 17. Eigið fé

### Stofnsjóðir

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Allt hlutfé í B-deild stofnsjóðs hefur verið greitt inn til félagsins. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundraðshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Stofnsjóður A-deildar kemur til útgreiðslu ef aðilar hætta búskap eða ná 70 ára aldri.

		31.12.2021	31.12.2020
Stofnsjóður A-deild .....		350.068	357.224
Stofnsjóðir B-deildar greinist þannig:	Hlutfall	31.12.2021	31.12.2020
Heildarhlutfé í árslok .....	100,00%	200.000	200.000
Eigin hlutir í árslok .....	(9,96%)	(19.926)	(19.926)
	90,04%	180.074	180.074

Á árinu 2021 var samkvæmt ákvörðun aðalfundar ekki greiddur arður vegna B-deildar stofnsjóðs og ekki reiknaðir vextir vegna A-deildar stofnsjóðs. Á árinu 2020 nam greiddur arður 22,8 milljón króna og reiknaðir vextir 10,4 milljónum króna. Um nánari greiningu á eiginfjárreikningum er vísað til yfirlits um eigið fé á bls. 8.

# Skýringar

## 18. Langtímaskuldir

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Skuldir við lánastofnanir .....	874.477	875.695
Skuldir við lífeyrissjóði .....	508.924	1.265.107
Aðrar langtímaskuldir .....	1.238.406	0
	<u>2.621.807</u>	<u>2.140.802</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(85.656)	(101.757)
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>2.536.152</u>	<u>2.039.045</u>
Breytingar á skuldum við lánastofnanir, lífeyrissjóði og aðra:		
Staða í ársbyrjun 2020 .....		2.160.684
Lántaka .....		3.400
Afborganir .....		(96.719)
Verðbætur .....		73.436
		<u>2.140.802</u>
Staða í ársbyrjun 2021 .....		1.705.342
Lántaka .....		(1.356.061)
Afborganir .....		131.725
Verðbætur .....		<u>2.621.807</u>
Staða í árslok 2021 .....		<u>2.621.807</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Næsta árs afborganir .....	85.656	101.757
Afborganir 2023/2022 .....	86.957	104.864
Afborganir 2024/2023 .....	78.890	107.807
Afborganir 2025/2024 .....	78.236	101.887
Afborganir 2026/2025 .....	79.066	104.636
Afborganir 2027/2026 .....	80.411	107.543
Afborganir síðar .....	2.132.592	1.512.307
	<u>2.621.807</u>	<u>2.140.802</u>
Vegirnir meðalvextir eru eftirfarandi:		
	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Skuldir við lánastofnanir.....	3,5%- 5,57%	3,6%- 5,1%
Skuldir við lífeyrissjóði.....	3,00%	4,55%-5,4%
Aðrar langtímaskuldir.....	3,30%	

# Skýringar

## 19. Tekjuskattsskuldbinding

	Skuldbinding	
	2021	2020
Staða í ársbyrjun .....	(375.443)	(443.663)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu frá fyrri árum .....	24	0
Áhrif endurmats fastafjármuna .....	(18.497)	0
Áhrif endurmats á leigutímabil leigusamninga .....	(2.207)	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	(56.914)	68.220
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári .....	10.573	0
	<u>(442.464)</u>	<u>(375.443)</u>

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(530.341)	(503.542)
Leigueign / leiguskuldbinding .....	14.887	15.518
Veltufjáreignir .....	(22.694)	6.281
Frestaður gengismunur .....	(6)	142
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	95.690	106.158
	<u>(442.464)</u>	<u>(375.443)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

Frá hagnaði árána 2022 - 2028 .....	85.707
Frá hagnaði árána 2022 - 2029 .....	182.274
Frá hagnaði árána 2022 - 2030 .....	186.052
Frá hagnaði árána 2022 - 2031 .....	24.416
	<u>478.449</u>

## 20. Viðskiptaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Innlendar viðskiptaskuldir .....	460.168	370.444
Erlendar viðskiptaskuldir .....	102.064	89.651
	<u>562.231</u>	<u>460.095</u>

## 21. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreitt fyrir afurðir .....	104.456	37.852
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	374.399	293.523
Ógreidd opinber gjöld .....	422	345
Ógreiddur VSK í tolli .....	82.685	55.245
Virðisaukaskattur .....	76.668	74.110
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	374.793	370.412
Ógreiddir áfallnir vextir .....	9.085	4.697
Aðrar skuldir .....	27.939	61.489
	<u>1.050.448</u>	<u>897.673</u>

## 22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Laun og hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda:

	2021	2020
Stjórnendur .....	161.813	158.876
Stjórnarmenn .....	11.825	12.191
	<u>173.637</u>	<u>171.067</u>

Eignarhlutur í B-deild stofnsjóðs:

	Fjöldi hluta í árslok 2021	Fjöldi hluta í árslok 2020
Stjórnendur .....	1.172	1.172
Stjórnarmenn .....	46	104
	<u>1.218</u>	<u>1.276</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2021:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Orkugerðin ehf., hlutdeildarfélag .....	101.841	31.755	29.525	9.373
	<u>101.841</u>	<u>31.755</u>	<u>29.525</u>	<u>9.373</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2020:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Orkugerðin ehf., hlutdeildarfélag .....	70.886	0	0	8.329
	<u>70.886</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>8.329</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sambærilegum kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

## 23. Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2021		31.12.2020	
	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrarreikning	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrarreikning
Bankareikningar .....	563.340	0	15.860	0
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	1.450.451	0	1.185.811	0
Eignarhlutir í félögum .....	0	5.470	0	5.470
	<u>2.013.791</u>	<u>5.470</u>	<u>1.201.671</u>	<u>5.470</u>

  

Fjárskuldir	31.12.2021		31.12.2020	
	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrarreikning	Á afskrifuðu kostnaðarverði	Á gangvirði um rekstrarreikning
Viðskiptaskuldir og aðrar sk.skuldir .....	1.078.794	0	961.399	0
Skuldir við lánastofnanir ofl. ....	2.630.893	0	2.524.154	0
	<u>3.709.686</u>	<u>0</u>	<u>3.485.554</u>	<u>0</u>

Það er mat stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar sé um það bil jafnt gangvirði þeirra. Samstæðan hefur ekki lagt mat á virði fjárfestinga í hlutabréfum óskráðra félaga þar sem samstæðan hefur hvorki yfirráð né veruleg áhrif. Um er að ræða óverulegar fjárhæðir.

### Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

### Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Áhættunni er stjórnað með eftirliti með þróun gjaldmiðla.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

31. desember 2021:	Sölugengi í árslok		Breyting
	2021	2020	
EUR .....	148,12	156,65	-5,4%
GBP .....	176,40	174,71	1,0%
DKK .....	19,910	21,050	-5,4%
NOK .....	14,770	14,960	-1,3%
USD .....	130,24	128,07	1,7%

# Skýringar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum :	<u>Eignir</u>	<u>Skuldir</u>	<u>Hrein staða</u>
Staðan 31. desember 2021 .....	180.032	102.064	77.968
Staðan 31. desember 2020 .....	32.206	151.245	(119.039)

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðlum á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gjaldmiðlaáættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2021		31.12.2020	
	<u>2,5%</u>	<u>5,0%</u>	<u>2,5%</u>	<u>5,0%</u>
Áhrif á afkomu og eigið fé: .....	1.559	3.119	(2.381)	(4.762)

## Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem að langtímaskuldir samstæðunnar bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánnum með föstum og breytilegum vöxtum.

Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir og skuldir samstæðunnar skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Vaxtaberandi eignir og skuldir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna og skulda og hafa því ekki áhrif á bókfært verð. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2021		31.12.2020	
	<u>2,5%</u>	<u>5,0%</u>	<u>2,5%</u>	<u>5,0%</u>
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	(5.758)	(11.515)	(24.770)	(49.540)

## Verðbólguáhætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 2.599 milljónir króna eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs (2020: 2.114 milljónir) og hefur þróun neysluvísitölu því áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Hækkun verðbólgu um 1% yfir árið hefði lækkað afkomu samstæðunnar um 26 milljónir króna fyrir tekjuskatt (2020: 21,1 milljónir). Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar.

## Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Nánari lýsingu á mati samstæðunnar á væntu útlánatapi vegna fjáreigna má finna í skýringum 27 (reikningsskilaaðferðir vegna virðisrýrnunar fjáreigna) og 13 (mat á niðurfærslu viðskiptakrafna). Samstæðan færir ekki niðurfærslu vegna krafna á tengda aðila þar sem útlánaáhætta er talin vera hverfandi. Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að neðan.

Hámarksútlánaáhætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2021	31.12.2020
Skuldabréfaeign gagnvart tengdum aðilum .....	23.250	0
Viðskiptakröfur .....	1.443.689	1.183.883
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna) .....	6.763	1.928
Handbært fé .....	563.340	15.860
	<u>2.037.041</u>	<u>1.201.671</u>

## Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náninni framtíð. Samstæðan fylgist með lausafjánhættu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Í töflunni hér að neðan eru fjárhæðir ekki núvirtar og sýna vænt sjóðstreymi af höfuðstól og vöxtum.

Skuldir 31. desember 2021:	Innan árs	2023	2024	2025 eða síðar	Samtals
	Óvaxtaberandi .....	1.078.794	0	0	0
Með breytilegum vöxtum ....	82.001	77.613	66.633	760.938	987.185
Með föstum vöxtum .....	98.486	92.093	92.093	2.430.390	2.713.060
Leiguskuldbinding .....	41.784	41.784	41.784	873.506	998.859
	<u>1.301.064</u>	<u>211.490</u>	<u>200.510</u>	<u>4.064.834</u>	<u>5.777.898</u>

  

Skuldir 31. desember 2020:	Innan árs	2022	2023	2024 eða síðar	Samtals
	Óvaxtaberandi .....	961.399	0	0	0
Með breytilegum vöxtum ....	456.618	73.807	72.472	1.011.829	1.614.726
Með föstum vöxtum .....	119.601	117.725	117.412	1.456.158	1.810.897
Leiguskuldbinding .....	55.129	54.701	54.701	1.092.600	1.257.132
	<u>1.592.747</u>	<u>246.234</u>	<u>244.585</u>	<u>3.560.587</u>	<u>5.644.153</u>

## 24. Ábyrgðir, veðsetningar og önnur mál

Veðsetningar og skuldbindingar utan efnahagsreiknings greinast þannig á eignarflokka:

	Bókfært verð veðsettra eigna	Bókfært verð skulda
Sláturfélag Suðurlands svf. - fasteignir .....	2.130.434	1.753.724
Sláturfélag Suðurlands svf. - vörubirgðir og viðskiptakröfur .....	2.932.486	510.689
Reykjagarður hf. - varanlegir rekstrarfj.munir, vörubirgðir, viðskiptakr. og handb. fé	2.217.255	854.200
Hollt og gott ehf. - fasteignir .....	246.800	16.705
	<u>7.526.975</u>	<u>3.135.318</u>



# Skýringar

## 25. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun vegna endurskoðun ársreiknings á árinu 2021 er 16,4 milljónir króna (2020: 16,6 milljónir króna). Þóknun vegna könnunar á árs hlutareikningi 2021 ásamt annarri þjónustu er 8,6 milljónir króna (2020: 7,4 milljónir króna).

## 26. Innleiðing á nýjum og endurskoðuðum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2021, breytingar á þeim og nýjar tülkanir. Eftirfarandi endurbætur tóku gildi 1. janúar 2021:

- IFRS 9, IFRS 7 & IFRS 16 - endurbætur vegna breytts vaxtaviðmiðs (IBOR reform Phase II).
- IFRS 16 - ívilnanir á leigugreiðslum vegna áhrifa Covid-19 (framlengt til júní 2022).

Það er mat stjórnenda að ofangreindar breytingar muni hafa engin eða óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

### Útgefnir staðlar, endurbætur og breytingar sem ekki hafa tekið gildi

Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Þann 1. janúar 2022 taka gildi endurbætur á IAS 16 Fastafjármunir sem snúa að meðferð ágóða af sölu áður en eign er tekin í notkun, og endurbætur á IAS 37 Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir sem snúa að því hvað telst til kostnaðar við að uppfylla íþyngjandi samninga. Það er mat stjórnenda að innleiðing þeirra breytinga muni ekki hafa veruleg áhrif á ársreikninginn.

## 27. Reikningsskilaaðferðir

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninn sinn af fjárfestingunni. Samstæðan endurmetur á reikningsskiladegi hvort að yferráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keyþra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar að nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

### Breytingar á eignarhlut í dótturfélögum

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi án þess að móðurfélag missi yferráð eru færðar meðal eigin fjár. Viðeigandi breytingar eru gerðar á eignarhluta móðurfélags og minnihluta svo hlutdeild endurspeglir réttan eignarhlut hvors aðila. Mismunur á bókfærðu verði eignarhluta minnihlutans sem breytist og gangvirðis gagngjaldsins er færður meðal eigin fjár.

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi sem verða til þess að móðurfélag missir yferráð eru færðar í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap er reiknað sem mismunur á gangvirði gagngjaldsins að viðbættu gangvirði eftirstæðs hluta að frádregnu bókfærðu verði eigna og skulda dótturfélagsins og hlutdeildar minnihluta. Þegar eignir dótturfélagsins eru færðar á endurmetnu verði eða gangvirði er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært hefur verið í yfirlit um aðra heildarafkomu endurflokkað yfir í rekstrarreikning eða á óráðstafað eigið fé eftir því sem við á. Eftirstæður eignarhlutur er í upphafi færður á gangvirði á þeim degi sem móðurfélagið missir yferráð í samræmi við IAS 39 eða eftir því sem við á, á kostnaðarverði ef um er að ræða hlutdeildarfélag eða félag sem lýtur sameiginlegri stjórn.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## Skráning tekna

Tekjuskráning samstæðunnar endurspeglar það gagngjald sem samstæðan væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar. Samstæðan skráir tekjur þegar yfirráð yfir seldri vöru eða þjónustu flytjast yfir til viðskiptavinar.

### *Tekjur af vörusölu*

Samstæðan selur matvæli, búvörur, áburð og fóður og eru helstu viðskiptavinir þess matvöruverslanir og kjötvinnslur auk bænda og mötuneyta. Tekjur af vörusölu eru almennt skráðar þegar vara hefur verið afhent og eignarréttur og yfirráð hafa flust til kaupanda.

Samstæðan tekur tillit til væntra vöruskila eftir reikningsskiladag byggt á sögulegri reynslu fyrri ára.

### *Arður*

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á því tímabili sem úthlutun er samþykkt.

### *Leigutekjur*

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum eru færðar línulega yfir samningstímann. Kostnaði sem tengist beint samningum og umsýslu vegna rekstrarleigu er bætt við bókfært verð hinnar leigðu eignar og hann er svo gjaldfærður línulega á leigutímanum. Samstæðan er ekki aðili að fjármögnunarleigusamningum sem leigusali.

## Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega með aðferð virkra vaxta yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

## Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkanir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

## Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

## Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitð hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi samstæðufélag gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

## Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

## Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. IFRS 9 skiptir fjáreignum sem eru innan efnissviðs IAS 39 í tvo flokka – annarsvegar fjáreignir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði og hinsvegar fjáreignir á gangvirði.

### *Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

### *Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Eignarhlutar í öðrum félögum þar sem samstæðan hefur ekki yfirráð eða veruleg áhrif eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Einnig er heimilt að meta slíkar fjárfestingar sem ekki eru veltufjáreignir eða óvísst gagngjald í yfirtöku í samræmi við IFRS 3 á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, og telst slíkk flokkun endanleg.

### *Virkir vextir*

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir fjáreignir aðrar en þær sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

### *Virðisrýrnun fjáreigna*

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru viðskiptakröfur, aðrar kröfur (að undanskildum fyrirframgreiðslum og afdráttarsköttum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu samstæðunnar, leiðréttir fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 13.

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

### *Afskráning fjáreigna*

Samstæðan afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

## Fjárskuldir

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

## Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði, þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímamann.

Leiguskuldbinding og nýtingarréttur af leigueign eru upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum auk breytilegra greiðslna vegna vísitölu, vænts hrakvirðis og kaupréttá á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir, og að frádregnum leiguhvötum. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueignir eru afskrifaðar á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar af leigueign felur í sér kauprétt á viðkomandi leigueign, þá er nýtingarrétturinn afskrifaður á líftíma leigueignarinnar. Nýtingarréttur vegna leigueignar er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti leigueignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Um Sláturfélag Suðurlands

Sláturfélag Suðurlands svf. („félagið“) er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins samkvæmt samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða. Tilgangur félagsins er samkvæmt samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi. Sláturfélag Suðurlands er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Félagið rekur sláturstöð á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð. Félagið á tvö dótturfélög, Reykjagarð hf. og Hollt og gott ehf. Reykjagarður framleiðir og selur kjúklingaafurðir m.a undir Holta vörumerkinu. Hollt og gott ehf. er leiðandi aðili í framleiðslu á salati og grænmeti í neytendapakningum.

## Umhverfismál

Félagið leggur áherslu á að starfsemi þess sé í sátt við umhverfið. Félagið er að stórum hluta í eigu bænda sem leggja inn afurðir sínar til úrvinnslu og markaðssetningar. Frammistaða íslensks landbúnaðar með tilliti til náttúruverndar er því samtvinnuð ímynd félagsins. Félagið hefur vistvæn sjónarmið að leiðarljósi í starfsemi sinni með tilliti til umhverfis og framleiðslu. Hlutdeild innlendrar framleiðslu skal styrkt og viðhaldið með áherslu á hreinleika, faglega og vistvæna ímynd. Til að framfylgja gæðastefnu fyrirtækisins er einstökum einingum þ.e. deildum, hópum og/eða starfsmönnum sett markmið í gegnum umhverfisstefnu félagsins.

Félagið hefur innleitt vélvætt skráningarkerfi til að fylgjast með og mæla kolefnisspor sitt og eiga þess kost að gera umhverfisskýrslu og setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum.

Umhverfisstefnan er hluti af gæðastefnu félagsins og felur í sér að starfsemi þess skal vera í sátt við umhverfið og hafa eins lítil skaðleg áhrif og kostur er. Í þessu felast eftirfarandi meginþættir:

### Nýting afurða

Stefnt er að fullnýtingu afurða þannig að gera megi allar afurðir að verðmætum eða koma þeim í endurnýjanlegan farveg sem skapar hringrás efna. Sjúkdómavarnir setja takmarkanir á endurnýtingu nokkurra afurða en stefnt er að 85-90% nýtingarhlutfalli.

### Umbúðir

Umbúðanotkun félagsins tekur mið af tvennu. Annars vegar skal nota margnota umbúðir alls staðar sem hægt er til að minnka sóun og úrgang. Í þessu skyni eru notaðir margnota plastkassar við vörudreifingu svo dæmi sé tekið. Hins vegar skulu þær umbúðir sem notaðar eru vera endurvinnanlegar ef þess er kostur.

### Lágmörkun á pappírnotkun

Félagið hvetur viðskiptavinum til pappírslausra viðskipta og býður upp á fjölmargar lausnir sem minnka eða gera útprentun á pappír ónaðsynlega.

### Mengun

Tiltækar aðferðir skulu notaðar til að draga úr mengun frá starfsemi félagsins. Þetta gildir jafnt um frárennsli, úrgang og loftmengun. Í þessu skyni eru m.a. síur á frárennsli og úrgangur lágmarkaður. Í vörudreifingu er sett lágmark á stærð sendinga til að ekki sé verið að senda stóra flutningabíla um vegi landsins með lítið magn sem veldur óþarfa mengun og slyshættu.

### Flokkun úrgangs

Félagið flokkar úrgang sem kemur frá starfsemi sinni til að endurnýta megi þann hluta sem er endurnýtanlegur.

### Útlit stöðva

Starfsstöðvar félagsins skulu vera snyrtilegar og falla vel að umhverfinu og bera með sér að þar fer fram hágæða matvælaframleiðsla.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Samfélagsmál

Félaginu er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka, standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem félagið nýtur á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi eru gæði höfð að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

Matvælaframleiðsla leggur mikla ábyrgð á herðar þeirra fyrirtækja sem hana stunda. Sláturfélag Suðurlands leggur metnað sinn í að standa undir þeirri ábyrgð og tryggja viðskiptavinum vörugæði í samræmi við væntingar. Til að ná þessu eru settar fram strangar gæðakröfur til að tryggja framleiðsluöryggi. Til að ná settum markmiðum nýtir félagið sér hugmyndafræði altæktrar gæðastjórnunar í samfelldri og viðvarandi endurskoðun á rekstri félagsins. GÁMES gæðakerfum hefur verið komið á í öllum framleiðsludeildum og er það í samræmi við áform félagsins um að tryggja neytendum öruggar matvörur.

Félagið styrkir ungmenna- og íþróttastarf á félagssvæðinu eftir föngum. Einnig er myndarlegur stuðningur veittur til Samhjalpar sem aðstoðar þá sem minna mega sín.

## Starfsmannamál

Stefna félagsins er að hafa á að skipa framúrskarandi fólki sem hefur metnað og ábyrgð sem þarf til að framleiða og selja öðrum matvæli og halda leiðandi stöðu. Að skapa starfsfólki umgjörð til að það megi vaxa í starfi, njóta hæfileika sinna og fá sanngjarna umbun fyrir.

### Starfsmannastefna

Starfsmannastefna SS er hluti af heildarstefnu fyrirtækisins og inniheldur afstöðu fyrirtækisins í starfsmannatengdum málum. Félagið keppir á grundvelli gæða og þjónustu og vill byggja á góðu og áhugasömu starfsfólki.

Til að ná markmiðum sínum mun fyrirtækið:

- Tryggja eins og hægt er góða vinnuástandi fyrir starfsfólkið.
- Fyllsta jafnréttis skal gætt milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum óháð kyni.
- Þjóða næringarríkan mat í mótuneytum sínum og stuðla að réttu mataræði, réttri hreyfingu og góðri heilsu og líðan starfsfólks.
- Stuðla að góðri samvinnu starfsfólks á öllum stjórnunarþrepum fyrirtækisins.
- Greiða samkeppnishæf laun fyrir sambærileg störf.
- Verðlauna frumkvæði og hugmyndir sem leiða til sparnaðar í rekstri.
- Þjóða þjálfun og stöðuhækkunar hæfum starfsmönnum og stuðla þannig að vexti og þroska í starfi í samræmi við hæfileika hvers og eins.
- Þjóða tímabundin störf í öðrum deildum til að auka skilning og bæta samvinnu starfsfólks.
- Leitast við að samræma óskir hvers starfsmanns við þarfir fyrirtækisins og leggja á þann hátt grundvöll að árangursríku samstarfi.

### Jafnlaunastefna Sláturfélags Suðurlands

Stefna Sláturfélags Suðurlands er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á að jafnlaunakerfi Sláturfélags Suðurlands standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Starfsmannastjóri er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Sláturfélag Suðurlands skuldbindur sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi, skjalfesta og halda við.
- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna starfsmönnum niðurstöður launagreiningar hvað varðar kynbundinn launamun.

## Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Birta stefnuna á innri vef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Stefnan sé aðgengileg almenningi á vefsíðu sinni.
- Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Sláturfélags Suðurlands.

Félagið vinnur að jafnlaunavottun og áætlað er að henni ljúki á árinu 2022. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunavottun var lögfest í júní 2017 með breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt lögnum skal jafnlaunavottun byggjast á Jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Með innleiðingu hans geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

### *Persónuvernd*

Félagið hóf vinnu við skráningu ferla gagnvart auknum kröfum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf sem kom til framkvæmda í Evrópu 25. maí 2018. Vernd persónuupplýsinga er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og var Ísland því skuldbundið til þess að leiða hina nýju löggjöf í íslenskan rétt. Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi á Íslandi 15. júlí 2018. Með lögnum var leidd í íslenskan rétt persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins. Félagið hefur innleitt reglur um meðferð persónuupplýsinga sem og stefnu í persónuverndarmálum. Jafnframt innleitt reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Þessar reglur eru aðgengilegar starfsmönnum sem og almenningi á heimasíðu félagsins.

### **Spilling-, mútur- og mannréttindamál**

Stjórn félagsins leitast við að viðhalda stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út. Leiðbeiningar Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra.

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og til kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn, sama hvort það eru þeirra launþegar eða eigin undirverktakar.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um spillingu-, mútur- og mannréttindamál en vinna við það er komin af stað og lýkur væntanlega á árinu 2022.